



ÁLAGNINGARÁKVÆÐI fasteignargjalda í Langanesbyggð 2020

1. Gjaldskrá fasteignagjalda

- Fasteignaskattur A - Íbúðarhúsnæði og bújarðir eru 0,625% af heildarálagningarstofni.
- Fasteignaskattur B - Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttarhús og bókasöfn eru 1,32 % af heildarálagningarstofni.
- Fasteignaskattur C - Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði eru 1,65% af heildarálagningarstofni.

2. Lóðarleiga

- Lóðarleiga A - lóðarleiga er 1,5% af fasteignamati lóða fyrir íbúðarhús.
- Lóðarleiga B - lóðarleiga er 2,5% af fasteignamati lóða fyrir atvinnuhúsnæði og opinberra bygginga.

3. Vatnsgjald

- A - Vatnsgjald er 0,30% af heildarálagningarstofni.
- B - Aukavatnsgjald er kr. 38 pr. m³ vatns.

4. Fráveitugjald

- Fráveitugjald er 0,259% af heildarálagningarstofni.

5. Sorphreinsunargjöld

- Sorphreinsunargjald heimila, kr. 22.442,- á íbúð.
- Sorpeyðingargjald heimila, kr. 22.442,- á íbúð.
- Gjöld vegna frístundahúsa nema 30% af gjöldum heimila, enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins.

Fjöldi gjalddaga er almennt 8, sá fyrsti 1. febrúar og sá síðasti 1. september. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 22.442 þá er einung einn gjalddagi 1. febrúar

Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöldin eru enn þá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

Undanþágur

Reglur um afslátt á fasteignaskatti í Langanesbyggð.

I. Tekjutengdur afsláttur

1. gr.

Ellí- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Langanesbyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Langanesbyggðar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Afslátturinn er tekjutengdur sbr. 4. og 5. grein.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðaeigendur með lögheimili í Langanesbyggð sem búa í eigin íbúð og:

- a) eru 67 ára á árinu eða eldri eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2020.

Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í.

3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að 22.442 krónur en getur aldrei orðið hærri en álagður fasteignaskattur. Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna ársins 2017, samkvæmt skattframtali 2017. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

- a) með tekjur allt að kr. 3.088.246, fullur afsláttur skv. 4. gr.
- b) með tekjur allt að kr. 3.542.205, 75% afsláttur
- c) með tekjur allt að kr. 3.996.163, 50% afsláttur
- d) með tekjur allt að kr. 4.450.122, 25% afsláttur
- e) með tekjur yfir kr. 4.904.081, enginn afsláttur.

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

- a) með tekjur allt að kr. 4.375.567, fullur afsláttur skv. 4. gr.
- b) með tekjur allt að kr. 4.896.626, 75% afsláttur
- c) með tekjur allt að kr. 5.417.684, 50% afsláttur
- d) með tekjur allt að kr. 5.938.743, 25% afsláttur
- e) með tekjur yfir kr. 6.459.801, enginn afsláttur.

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.

II. Breyting á högum umsækjenda

6. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjenda er fjárreiðudeild heimilt að víkja frá 2. og 5. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.

Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s.:

- a) þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega.
- b) ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.
- c) einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að 3 ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð, sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmenum.

Lækkun samkvæmt þessari grein skal staðfest af fjármálastjóra (sveitarstjóra).

III. Umsókn

7. gr.

Afsláttur samkvæmt 4. og 5. gr. til elli- og örorkulífeyrisþega skal reikna við álagningu og er birtur á álagningarseðli.

Telji íbúðareigandi sig eigi fá afslátt sem hann á rétt á skv. reglum þessum, skal sækja um afslátt af fasteignaskatti á eyðublöðum sem liggja frammi á skrifstofu Langanesbyggðar. Með umsókn skal



Langanesbyggð

skila afriti af skattframtali síðastliðins árs, (tekjur ársins 2018) staðfestu af skattstjóra ásamt örorkuskírteini þegar það á við.

Umsóknarfrestur er til 22. febrúar 2020.

Elli- og örorkulífeyrisþegar fá allt að kr. 21.748 niðurfellingu á fasteignaskatt af eigin íbúðarhúsnæði, sem viðkomandi býr í. Hlutfallsleg örorka veitir hlutfallslegan rétt til lækkunar. Þessar lækkanir hafa verið færðar á álagningarseðlum hjá ellilífeyrisþegum en öryrkjar þurfa að sækja um eða endurnýja fyrri umsóknir. Ef gjaldandi telur sig eiga rétt á frekari afslætti á grundvelli þessa ákvæðis er viðkomandi vinsamlega beðinn um að hafa samband við skrifstofu Langanesbyggðar.

Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2020.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. nóvember 2018.

Elías Pétursson, sveitarstjóri.